

Fundargerð: 11. nóvember 2024 kl. 12:00 – Skrifstofa TSÍ

Mættir á fundinn:

Magnús, formaður; Mia, aðalmaður; Andri Jóns, aðalmaður; Kristín Dan, gjaldkeri; Gunnar, aðalmaður.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar lögð fram.

2. Staða fjármála og bókhald

Kristín fór yfir fjármál. Hún greindi frá því að bókhald fyrir árið er ekki hafið. Kristín mun fá aðstoð til að vinna það. Ekki hægt að fá skýra mynd af stöðunni eins og er.

3. Nordic Open – Umræða

Raj greindi frá samskiptum sínum við stjórnendur Nordic Open. Hann telur góðar líkur á því að Ísland muni taka þátt í mótinu í framtíðinni.

4. Verkefni næsta árs og undirbúningur áætlanagerðar

Sett var saman yfirlit yfir öll mót, bæði erlendis og innanlands, sem Ísland mun taka þátt í á næsta ári, til að fá skýra mynd af væntanlegum útgjöldum.

Smáþjóðaleikar verða haldnir í Moldóvu á næsta ári. Raj og Andri, landsliðsþjálfarar, munu ákveða hvaða leikmenn verða valdir í liðið. Unnið verður að því að setja upp kerfi sem tryggir jafnrétti og réttlæti í vali á keppendum fyrir hönd Íslands.

5. Formannafundur ÍSÍ

Magnús mun mæta fyrir hönd TSÍ.

6. Padel – Umræða og staða lagabreytinga

Magnús tók umræðu um padel og benti á að skoða betur tillöguna um að hafa padel innan TSÍ. Ákveðið var að ræða málið frekar við formenn félaganna áður en frekari ákvarðanir verða teknar.

7. Önnur mál

Mia tók umræðu um þjálfaranám og ræddi möguleikann á að halda annað námskeið fyrir þjálfara á Íslandi á næstu ári. Raj mun hafa samband við Vitor hjá ITF til að kanna möguleika og fá frekari upplýsingar um málið.

Umræða fór einnig fram um hvort TSÍ ætti að styrkja þjálfara sem vilja sækja réttindanám erlendis. Tillagan var felld, þar sem meirihluti fundarmanna taldi að þjálfarar ættu sjálfir að bera kostnað við slíkt nám.

- Fundi slitið kl. 13:00